

Steingrímur með tærnar upp í loft



Tískurisi stal mynstri Petru



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Lífið > 26

Lífið > 24

FRÉTTABLAÐIÐ

230. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 23. NÓVEMBER 2021



Kennsla fyrir hluta af nemendum Hagaskóla fer fram í fundarsölum Hótel Sögu þessa dagana þar sem einni álmu skólans var lokað fyrir helgi vegna myglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dýralæknar létu ofbeldi gegn hryssum óáreitt

Alþjóðlegu dýraverndar-samtökin Animal Welfare Foundation (AWF) hafa birt 120 blaðsíðna skýrslu sem vekur alvarlegar spurningar um og áhyggjur af velferð dýra á Íslandi. Dýralæknar eru sagðir hafa fylgst aðgerðalausir með hundum og mönnum nýðast á svokölluðum blóðmerum.

ingunnlara@frettabladid.is

DÝRVERND Skýrslan er byggð á rannsókn þeirra á blóðmerahaldi á Íslandi árin 2019 til 2021. Dýraverndarsinnar á vegum samtakanna notuðu faldar myndavélar til að taka myndskleid og myndir af blóðtöku og ræddu við bændur, lögmennt, fulltrúa

Matvælastofnunar (MAST) og Ísteka. Samtökin AWF hafa rannsakað blóðmerahald á Íslandi síðastliðin tvö ár og skráð misalvarleg tilvik um möguleg brot á lögum um dýravelferð á 40 sveitabæjum á Norður- og Suðurlandi.

MAST hefur til rannsóknar myndband sem samtökin birtu nú á dögunum sem sýnir blóðtöku úr fyllfullum hryssum hér á landi. Stofnunin segir að verklag sem þar kemur fram virðist stríða gegn starfsskilyrðum starfseminnar sem eigi að tryggja velferð hryssanna og lítur málið alvarlegum augum.

MAST segir eftirlit með blóðtöku vera áhættumiðað og í forgangi hjá stofnuninni en sjálf blóðtakan er á ábyrgð líftæknifyrirtækisins Ísteka ehf. sem nýtir afurðina.



Sami dýralæknir skerast ekki í leikinn þegar hann sér bóndann eða vinnufólkið beita merina ofbeldi.

Úr skýrslu Animal Welfare Foundation

Fréttablaðið hefur skýrsluna undir höndum en í henni kemur fram að almennt sé of mikið magn af blóði tekið úr merum miðað við stærð þeirra og þyngd. Leyfilegt er að taka

Blóðmerar á Íslandi

Fylfullar hryssur framleiða PMSG, hormón í fylgjuni, á fyrri hluta meðgöngunnar, sem unnið er til að framleiða frjósemislyf fyrir svínarækt. Fólðum þeirra er í langflestum tilfellum slátrað.

Blóðmerahald er í miklum vexti. Í ár voru 5.383 hryssur nýttar á 119 bæjum. MAST hefur stöðvað blóðmerahald á fimm bæjum frá árinu 2014.

Ísteka er eina fyrirtækið sem má kaupa blóð frá bændum og nýta í gerð frjósemislyfja. Það rekur einnig nokkra sveitabæi fyrir blóðmerahald.

fimm lítra af blóði úr meri á hverri viku. Ísteka segir þetta gert fimm sinnum yfir tvo til þrjú mánuði en dýraverndarsamtökin skráðu átta til tíu skipti á bæjum sem þau fylgdust með.

Myndbönd voru tekin af bændum á nokkrum bæjum að hýða merarnar með svipum, járnstöngum og viðarfjöllum. Hundar sjást glefsa og bita í hófa og tagl mera. Í öllum þessum tilvikum var dýralæknir á svæðinu sem hvorki tilkynnti né reyndi að stöðva illa meðferð á dýrunum.

„Dýralæknir á vegum Ísteka sér hundinn elta merina en biður ekki bóndann um að fjarlægja hundinn. Sami dýralæknir skerast ekki í leikinn þegar hann sér bóndann eða vinnufólkið beita merina ofbeldi,“ segir í skýrslunni. ■

Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

Verð frá 7.150.000 kr.



ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Komdu og prófaðu!



Á gosstöðvunum í apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enn er virkni í Fagradalsfjalli

gar@frettabladid.is

ELDGOS Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur segir að þótt rauðglóandi kvika hafi hvorki sést þeytast né flæða út úr gígnum við Fagradalsfjall síðan 18. september séu enn ýmis merki um eldvirkni þar.

„Við sjáum að það hafa verið að koma púlsar af gasstreymi upp um gíginn og svo dettur það niður inn á milli. Við höfum séð hitastreymi aukast upp úr gígnum og eins hluta af hrauninu. Þannig að það eru hrinur í gangi sem benda til þess að einhver kvika er ennþá að koma til-tölulega nálægt yfirborði,“ rekur Þorvaldur stöðu mála.

Vegna þess er enn of snemmt að segja að eldgosinu í Fagradalsfjalli sé lokið. „Á meðan þetta er í gangi vitum við ekki hvort þetta er að hætta eða hvort þetta nær sér upp aftur. Það getur farið á hvorn veginn sem er,“ segir Þorvaldur og minnir á að í jarðfræðilegu samhengi séu tveir mánuðir aðeins stutt stund. „Þannig séð er gosið ekki búð þótt það fari lítið fyrir því.“ ■

Beðið í rigningu eftir skimun



Röð myndaðist við sýnatöku vegna Covid-19 við skimunarstöðina á Suðurlandsbraut í gær. Rigningarsuddi var í höfuðborginni og var fólk því vel búð í röðinni. Fram kom á covid.is í gær að síðasta sólarhringinn hefðu 110 greinst með veiruna á landinu, 2.380 væru í sóttkvi, 174 í skimunarsóttkvi og 1.684 í einangrun. Þá lágu 24 á sjúkrahúsi vegna kórónaveirusmits og þrjár þeirra á gjörgæslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Staðan verður tekin þegar tölur berast

hJORVARO@FRETATABLADID.IS

DALVÍK „Það gekk vel að skima í gær og raunar svo vel að skimað var hjá stærra úrtaki en gert var ráð fyrir.

Við erum ekki komin með smit-tölur en það má búast við fleiri smit-um þar sem um var að ræða smit hjá börnum sem þurfa umönnun, í síðustu viku,“ segir Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar um skimun gærdagsins, vegna hóp-smits í bænum í síðustu viku.

Dalvíkurskóli verður lokaður í dag og á morgun og það sama á við um tónlistarskóla, íþróttamannvirki og sundlaug bæjarins. Alls hafa 25 smit greinst á Dalvík síðustu daga og eru tæplega 200 í sóttkvi.

„Staðan verður tekin þegar við sjáum hversu marga starfsmenn við höfum í Dalvíkurskóla og í tóm-



Skimað var fyrir veirunni í Dalvíkurskóla í gær. MYND/REIMAR VIDARSSON

stundastarfinu. Mér finnst líklegt að við þurfum að grípa til skertrar þjónustu næstu daga.

Það er góð stemning í bænum þrátt fyrir þessa bylgu smita. Fólk hefur hægt um sig og heldur mikið til heima hjá sér. Ég hef ekki heyrt um nein alvarleg veikindi, sem er mjög jákvætt,“ segir Katrín. ■



ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 22.-29. NÓV. 2021

Slegist um afar verðmæta gallaða seðla á uppboðum

Þrátt fyrir stift eftirlit Seðlabankans með prentuðum seðlum enda alltaf einhverjir gallaðir á götunni. Samkvæmt sérfræðingi hjá Myntsafnarafélaginu skapar gallinn verðmæti á seðlinum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Seðlabanki Íslands sér til þess að peningaseðlar fari ekki með galla út í almenna notkun, en endrum og eins gerist það að seðlar, sem eru augljóslega gallaðir, enda á götunni. Þetta gerðist meðal annars hjá ónefndri konu sem tók út peninga úr hraðbanka í síðustu viku, en fékk fimm þúsund króna seðil með handónýtri bakhlið.

„Seðlaprentun fer fram samkvæmt stífum öryggis- og gæðakröfum og er þess gætt að aðeins heilir og ógallaðir seðlar fari í umferð. Ef fólk er með seðil sem virðist gallaður er hægt að fara í viðskiptabanka eða sparisjóð til að fá úr því skorið og honum eftir atvikum skipt,“ segir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri hjá Seðlabankanum.

Einhverjir kynnu kannski að halda að seðlar sem eru svo ólíkir öðrum séu ef til vill falsaðir. En það þarf ekki að vera. Mýmargir öryggisþættir eru á hverjum seðli til að tryggja að hann sé ekta. Meðal annars vatnsmerki sem er andlit Jóns Sigurðssonar forseta, gljáandi öryggisþráður yfir seðilinn þveran, upphleypt prentun, örletur, númer, pappírsgerð og margt, margt fleira.

Í hverju bankaútbúi er meðal annars að finna gulan tússpenna til þess að greina falsanir frá alvöru seðlum. 12 ára fangelsisvist getur legið við peningafölsun.



Seðillinn er heill framan á en breiðar litaðar rendur á bakinu. MYND/AÐSEND.



Ef fólk er með seðil sem virðist gallaður er hægt að fara í viðskiptabanka eða sparisjóð til að fá úr því skorið og honum eftir atvikum skipt.



Stefán Jóhann Stefánsson ritstjóri hjá Seðlabankanum

„Ef seðill virðist falsaður er rétt að tilkynna það til lögreglu,“ segir Stefán Jóhann.

En þrátt fyrir stift eftirlit Seðlabankans með prentuðum seðlum, leka alltaf út ekta seðlar sem eru gallaðir. Það þarf ekki að þýða að seðillinn sé ónýtur, þvert á móti.

„Ef það er galli í prentuninni skapar það verðmæti á seðilinn,“ segir Magni R. Magnússon, sérfræðingur hjá Myntsafnarafélagi Íslands.

„Hjá Myntsafnarafélaginu eru haldin uppboð og þá er slegist um seðla sem eru í vitlausum lit, skakkt prentaðir eða annað slíkt.“

Samkvæmt Magna eru um 300 félagar í Myntsafnarafélaginu. Af þeim er um þriðjungur í seðlasöfnun. „Fyrir utan þetta er gífurlegur fjöldi að safna sem ekki er í félaginu,“ segir Magni.

Seðlasafnarar safna ekki aðeins gölluðum seðlum, heldur meðal annars eftir númerum og undirskriftum.

Athygli vekur að umræddur seðill er undirritaður af Davíð Oddssyni, sem var Seðlabankastjóri árin 2005 til 2009. Hefur seðillinn því verið í umferð í rúmlega áratug. ■



SPORTJEPPI FJÖLSKYLDUNNAR

TOYOTA RAV4 HYBRID



Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

Toyota RAV4 verð frá: 5.890.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.190.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Auðveldast að sleppa óþarfanum til að halda umhverfisvæn jól

birnadrofn@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Auðveldast er auðvitað að sleppa óþarfanum, hvort sem það eru gjafirnar sem enginn hefur óskað sér, maturinn sem endar í ruslinu, fötin sem verða aldrei notuð aftur eða rafmagnnið sem fór í að halda raftækjum og ljósum í gangi sem enginn sér,“ segir Þorbjörg Sandra Bakke, sérfræðingur

hjá Umhverfisstofnun. Þetta segir Þorbjörg aðspurð hvernig hægt sé að halda umhverfisvænni jól. Á morgun flytur hún fyrirlestur um umhverfisvænni jól ásamt samstarfsfélögum sínum.

„Á síðustu árum og áratugum hafa jólin svolitð snúist upp í andhverfu sína. Þau hafa færst frá því að vera hátíð ljóss og friðar og eru að verða meira og meira hátíð sem einkennit

af stressi og ofneyslu,“ segir Þorbjörg. Gott sé að spyrja sig að því hvort þá sem gjöfin er ætluð vanti raunverulega eitthvað.

„Ef svarið er já, er gott að fara umhverfisvænustu leiðina í að gefa einmitt það, athuga hvort það sé til umhverfisvottað eða notað en annars kaupa það sem við teljum endingargott og hægt að laga auðveldlega,“ segir hún. Gott sé að gefa



Ásdís, Þorbjörg og Jóhannes flytja fyrirlestur um umhverfisvæn jól.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

upplifanir eða styrkja gott málefni í nafni þiggjandans.

„Ég gaf til dæmis börnum frændsystkina minna öllum boð í partí sem við höldum fyrir ekki svo löngu. Þetta eru börn á aldrinum þriggja til tíu ára og fæst höfðu farið í partí áður svo þetta var ein þeirra jólagjafa sem fylgdi hvað mest eftirvænting og ji, hvað þau voru glöð og ánægð,“ segir Þorbjörg. ■

Gætu starfað án eins kjördæmis

linda@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Willum Þór Þórsson, starfandi forseti Alþingis, segir að mögulega gæti Alþingi samþykkt fjárlagafrumvarp með aðeins 47 starfandi þingmönnum. Þetta kom fram á Fréttavaktinni á Hringbraut.

„Nú gerir stjórnarskráin ráð fyrir því að það sitji 63 þingmenn. Það er tæknilega mögulegt að keyra þingið áfram á 47 þingmönnum, ef við skiljum þetta kjördæmi eftir,“ sagði Willum. „Þá verðum við að velja því fyrir okkur að þá verði mögulega hægt að leggja fram fjárlagafrumvarp og þá er þingið, þessir 47, að fara að fjalla um fjárlagafrumvarp og skilja heilt kjördæmi eftir. Það er líka mjög sérstakt, það er eitt-hvað sem við verðum að velja fyrir okkur.“ ■

Hætt verði að nota hvíldarherbergi

tsh@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Menntamálaráðuneytið sendi í gær frá sér úrskurð um notkun svokallaðra „hvíldarherbergja“ í grunnskólum. Kveður ráðuneytið hana ósamrýmanlega grunnskólalögum og „óskar eftir að hætt verði án tafar að notast við slík herbergi“.

Foreldrar barns í 4. bekk í Gerðaskóla í Garði kærðu starfsmann skólans og skólann eftir að dóttir þeirra var lokuð inni í svokölluðu „hvíldarherbergi“. Foreldrarnir sendu líka erindi á menntamálaráðuneyti.

Fram kemur í úrskurði ráðuneytisins að stúlkan hafi verið í 4. bekk og hafi verið sett í sérúrræði sem fólst meðal annars í því að hún var sett í hvíldarherbergi sem að sögn kæranda var tóm og gluggalaus skúringakompa. ■

Sannfæring hvers þingmanns ráði för

Alþingi verður sett í dag og tillögur nefndar um kjörbréflagðar fram. Þingflokkar funda á morgun og greiða atkvæði í kjörbréfamáli á fimmtudag.

adalheidur@frettabladid.is
helenaros@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Þing verður sett við hátíðlega athöfn í dag og kjörbréfanefnd formlega kjörin. Þá verða niðurstöður hennar lagðar fram síðdegis og svo verður þingfundi frestað til fimmtudags.

Fundir verða í flestum þingflokkum á miðvikudag og verður gengið til atkvæða í þinginu um tillögur kjörbréfanefndar á fimmtudag. Alls ekki er gefið að þingmenn muni greiða atkvæði um þær eftir flokkslínur.

„Það kæmi mér ekki á óvart að það yrðu ekki flokkslínur í atkvæðagreiðslunni,“ segir Willum Þór Þórsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Hann segir sinn þingflokk ekki hafa rætt efnislega afstöðu þingmanna í málinu, en að fulltrúi flokksins í undirbúningsnefndinni hafi haldið þingflokknum upplýstum um störf nefndarinnar. Þingflokkurinn muni funda á morgun, eftir að fólk hafi getað kynnt sér niðurstöður kjörbréfanefndar. „Það kæmi mér ekki á óvart ef við færðumst eitthvað nær kjarnanum í þessu á þeim fundi.“

„Við höfum ákveðið að það verður engin pressa af hálfu þingflokksformanns eða formanns um sameiginlega stefnu í þessu máli heldur teljum við að þetta mál sé þess eðlis að það sé eðlilegra og réttara að hver þingmaður, að fengnum upplýsingum sem fyrir liggja, taki afstöðu út frá eigin sannfæringu,“ segir Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Vindreisnar. Þingflokkur hennar fundar bæði í dag og á



Þing verður sett í dag og þingmenn draga sér sæti fyrir kjörtímabilið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Þetta er með allra erfiðustu málum sem maður hefur fengist við.



Willum Þór Þórsson, Framsóknarflokkurinn

morgun. „Menn munu væntanlega gefa upp ákvörðun sína þá ef hún á annað borð liggur fyrir,“ segir hún.

Aðspurð segir hún ekki ólíklegt að einhverjir þingmanna flokksins muni sitja hjá í atkvæðagreiðslunni. „Við erum náttúrulega með tvo upp-bótarþingmenn í hópnum, þar af einn sem er á þessari hringekju.“

Helga Vala Helgadóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir enga eina línu vera komna í sínum þingflokk. „Mér finnst eðlilegt að hver og einn fái að kjósa eftir sinni sannfæringu,“ segir hún og bætir við: „Við erum auðvitað í þessari sérstöku stöðu að vera með tvo einstaklinga hjá okkur sem eru í þessari rúlettu. Við verðum að horfa fram hjá persónum og leikendum þar fyrst og fremst umfram allt.“ Aðspurð segist hún ekki vita hvort einhverjir muni sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Viðmælendur blaðsins í þinginu eru allir sammála um hve óvenjulegt viðfangsefni málið sé fyrir þingmenn.

„Þetta er með allra erfiðustu

málum sem maður hefur fengist við,“ segir Willum. Nú bíði þingmenn eftir lokaniðurstöðum en flestir hafi þó kynnt sér málavaxtalýsingu nefndarinnar úr Norðvesturkjördæmi. „Það er mjög sérstakt að lesa hana í gegn og margt sem fer í gegnum hugann. Maður er ekki að lesa svona gögn á hverjum degi.“ Willum tekur dæmi um tíma-setningar á umferð fólks inn og út af talningarstað. „Og þá fer hugarinn af stað, til dæmis hvort einhver hafi mögulega getað komist inn og átt við gögnin.“

Willum hefur gegnt starfi þingforseta frá kosningum. Spurður um atkvæðagreiðsluna sérstaklega segir hann stefnt að því að þingflokksformenn hittist á fundi með forseta á miðvikudag til að ræða framkvæmdina. Mikilvægt sé að sem best samstæða verði um hana. Þeim fundi mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hins vegar stýra en þingskapalög gera ráð fyrir að sá þingmaður sem lengstan starfsaldur hefur sitji í forsæti þingsins þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. ■

RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU TIL AFHENDINGAR EFTIR ÁRAMÓT




NÝR AiWAYS U5!


AiWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN
LÚXUS JEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,
FRÁ KR. 5.190.000



AiWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxus jepplingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri.

Sérlega glæsileg innrétting og Innrými er með því besta í sínum flokki og gera AiWAYS U5 fullkominn fararskjót inn í framtíðina. AiWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 410 km á fullri hleðslu (400 km í Premium útfærslu) 

Hröðun 3,1 sek. 0–50km/klst. Afkastageta: 150 kW (204 hð) 



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR
NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100





Fjármálaráðherra Svíþjóðar, Magdalena Andersson. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Getur orðið fyrsta konan í embættið

hjoarvaro@frettabladid.is

SVÍÞJÓÐ Það kemur í ljós í dag hvort Magdalena Andersson, leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins og fjármálaráðherra, verði fyrsta konan til þess að gegna embætti sem forsætisráðherra Svíþjóðar. Kosid verður um stuðning við hana í embættið á sænska ríkisþinginu í dag.

Andersson hefur síðustu daga freistað þess að fá stuðning Vinstri-flokksins í embættið en í kosningu á sænska ríkisþinginu verður kosid á milli Andersson og Ulf Kristersson, formanns hægri flokksins Moderaterna, sem næsta forsætisráðherra.

Nooshi Dadgostar, formaður Vinstri-flokksins, hefur sagt í norsku um fjölmiðlum að ekkert samkomulag hafi náðst um stuðning við Andersson. Af þeim sökum liggur ekki fyrir hvernig kosningin mun fara. ■

Talibanar banna konur á skjánum

hjoarvaro@frettabladid.is

AFGANISTAN Konum er meinað að koma fram í sjónvarpsþáttum í Afganistan samkvæmt nýrri reglugerð talibana, sem tók gildi um síðustu helgi. Er þetta nýjasta birtingarmynd afturhalds í kvenfrelsi síðan herskár hópar tóku völdin í landinu fyrir þremur mánuðum.

Öll leikrit, sápuóperur og skemmtipættir með konum eru bönnuð, samkvæmt reglugerðinni.

Þá verða fréttakonur nú að vera með slæðu á skjánum. Að sama skapi verða karlmenn á skjánum að vera í videigandi fötum en ekki kemur fram í reglugerðinni hvers kyns fót teljist videigandi.

Stjórnvöld sendu svo þau tilmæli að hvorki væru sýndar kvikmyndir sem eru andstæðar íslömskum lögum og afgönskum gildum, né myndir sem geri framandi menningu og gildum hátt undir höfði. ■

Smálánafyrirtæki lagði Neytendasamtökin aftur

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Danska smálánafyrirtækið eCommerce var í gær sýknað af kröfu Neytendasamtakanna í héraðsdómi Reykjavíkur. Neytendasamtökin höfðu keypt kröfu af skjólstæðingi og stefnt fyrirtækinu, til þess að fá úr því skorið hvort hér giltu íslensk eða dönsk lög um skilyrði smálánanna.

Í byrjun október var Breki Karlsson formaður og Neytendasamtökin, fundin sek um meiyrdi gegn

eCommerce og var þetta mál gagnsók í því máli. Dómari úrskurðaði hins vegar að málin skyldu aðskilin.

„Þetta eru vonbrigði,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna. Hvorki hafi verið tekin ákvörðun um hvort málinu verður áfrýjað, né heldur meiyrdamálinu.

Skjólstæðingur samtakanna hafði upphaflega ætlað að stefna eCommerce sjálfur, en krafan hljóðaði upp um hálfa milljón krónur. Þar sem málið var flókið og birta þurfti



Þetta eru vonbrigði.



Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna

forsvarsmönnum eCommerce stefnuna í Danmörku, var krafan að lokum framseld til samtakanna og kom skjólstæðingurinn ekkert að málinu fyrir dómi.

Í málinu var deilt um hvort eCommerce hefði rúkað of háan kostnað. Krafa Neytendasamtakanna byggði á íslenskum lögum, en í dönskum lögum er ekkert hámark á hlutfallskostnaði. Eins og áður segir féllst dómari á röksemdir eCommerce, en málskostnaður var þó felldur niður. ■

Skrá mismunun gegn óbólusetnum

Samkvæmt lögmanni samtakanna Frelsi og ábyrgð er fylgst með fyrirtækjum og stofnunum sem mismuna óbólusetnum. Mismuni stjórnvöld óbólusetnum með lagasetningu kynnu samtökin að láta reyna á þær reglur fyrir dómstólum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

COVID-19 Samtökin Frelsi og ábyrgð skrá niður þau fyrirtæki og stofnanir sem skikka starfsfólk sitt til bólusetningar. Samtökin útiloka heldur ekki lagalegar aðgerðir ákveði stjórnvöld að mismuna óbólusetnum.

„Sem lögmaður myndi ég ekki draga úr því að farið yrði í mál til að verja grundvallarréttindi þeirra sem ætti að mismuna,“ segir Arnar Þór Jónsson, lögmaður samtakanna og fyrrverandi dómari. Það er, hvort slík lög eða reglugerðir myndu standast stjórnarskrá. Hann tekur þó fram að hann sé ekki félagsmaður og taki ekki ákvarðanirnar fyrir hönd félagsins.

Samtökin hafa verið áberandi í umræðunni um bólusetningar og birtu meðal annars heilsidubréf til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra í Morgunblaðinu í síðustu viku þar sem meðal annars var spurt út í öryggi bóluvefnanna. Fyrir samtökunum fer Martha Ernstdóttir, fyrrverandi frjálsíþróttakona.

Umræðan um mismunandi réttindi bólusettra og óbólusettra hefur farið hátt undanfarið, bæði erlendis og hér á Íslandi. Í fyrsta sinn opnaði Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir á þennan möguleika í útvarpsviðtali á Bylgjunni. En samkvæmt honum kynnu þeir sem fá þriðju sprautuna að fá „aukin réttindi“ eins



Sóttvarnalæknir hefur opnað á umræðuna um að þriðja sprautan gæti gefið aukin réttindi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Félagsmenn hafa tölverðar áhyggjur af því hvert það muni leiða ef til stendur að mismuna fólki eftir bólusetningarstöðu.



Arnar Jónsson, formaður Frelsis og ábyrgðar

og að fá að fara á staði eða sleppa við sóttkví.

„Félagsmenn hafa tölverðar áhyggjur af því hvert það muni leiða ef til stendur að mismuna fólki eftir bólusetningarstöðu. Ef stjórnvöld hyggjast ráðast í slíka vegferð verða þau að svara fyrir það út frá bæði siðferðislegu og lagalegu sjónarhorni. Reynslan af slíkri aðskilnaðarstefnu færir okkur skelfileg víti til varnaðar,“ segir Arnar Þór aðspurður um þessa orðræðu.

„Við verðum alltaf að vinna út frá þeirri meginreglu að við erum öll jöfn fyrir lögunum. Það verður löggjafinn alltaf að hafa fyrir augum áður en lagðar eru fram tillögur sem miða að því að gera einn hóp réttlægri en annan.“

Arnar segir óbólusetta, sem eru um 11 prósent af fólki yfir tólf ára aldri, fjölbreyttan hóp og að ýmsar ástæður liggi að baki þeirri

ákvörðun að fá ekki bólusetningu. Það eru ekki aðeins aðgerðir stjórnvalda sem félagsmenn Frelsis og ábyrgðar hafa áhyggjur af. Heldur einnig að fyrirtæki og stofnanir séu að skikka starfsfólk til bólusetningar eða ráði ekki til sín óbólusetta fólk.

Arnar segir að verið sé að safna gögnum um þessi fyrirtæki og stofnanir. Spurður hvort stofnanir eins og Landspítalinn eða umönnunarstofnanir fyrir aldraða ættu ekki að hafa möguleika á að skikka fólk til bólusetningar segir Arnar að líta verði á hvert tilfelli fyrir sig.

„Í þessum samtökum er ekkert þröngsýnis- eða kreddufólk, heldur einkennist nálgunin af yfirvegum og vilja til að skoða hvert tilvik fyrir sig.“

Ákvarðanir þarf að taka út frá bestu þekkingu sem til er á hverjum tíma og verja hina vísindalegu aðferð, þar með talda gagnrýna umræðu,“ segir hann. ■

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

9-22
OPIÐ ALLA DAGA

Renndu við í lúguna

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00



ALLT Á EINUM STAÐ FYRIR ÞÍNA NETVERSLUN

- **ALHLIÐA ÞJÓNUSTA** FRÁ VERSLUN TIL VIÐSKIPTAVINAR
- **HEIMKEYRSLA TIL UM 94% LANDSMANNA**
- **YFIR 100 AFHENDINGARSTAÐIR** UM LAND ALLT

TVG-Zimsen veitir netverslunum alhliða þjónustu, allt frá innflutningi og tollskýrslugerð til hýsingar og heimkeyrslu. TVG-Zimsen býður fjölbreyttan afhendingarmáta, meðal annars samdægursafhendingu til um 85% landsmanna og heimkeyrslu til um 94% landsmanna.

TVG-Zimsen | Sundabakka 2 | 104 Reykjavík | Tel. 354 560 0700 | www.tvg.is

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN



Vorum að opna á nýjum stað!

Ég býð alla velkomna á nýja og vel búna stofu mína að Hlíðasmára 19 í Kópavogi.

Brynja Björk Harðardóttir
tannlæknir.

Tilboð á tannhvíttun í desember.

Tannprýði
Hlíðasmára 19
Kópavogi
Sími 555 7575

www.tannprydi.is



Á stofunni starfar einnig Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, sérfræðingur í tannfyllingum og tannsjúkdómum.



KRONAN

Mmm ...
Gerðu þína eigin þakkargjörð!

**Pssst ...
Ljúfengur matur með fjölskyldu eða vinum!**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Mikil átök hafa ítrekað blossað upp um fyrirhugaðar framkvæmdir til þéttingar byggðar á Akureyri. Nú er deilt um skriðuhættu og jarðvegsburðarþol, ef þessar byggingar við Tónatröð verða að veruleika. **MYND/ADSEND**

Óttast að brekkubrúin þoli ekki áformuð fjölbýli

Hópur Akureyringa andæfir fyrirhuguðum fjölbýlishúsum á brekkubrúin, óttast burðarþol jarðvegur og skriðuhættu. Formaður skipulagsráðs segir ekkert að óttast.

bth@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Hópur Akureyringa reynir nú að koma í veg fyrir að nokkur fjölbýlishús við Tónatröð verði að veruleika. Stofnuð hefur verið Facebook-grúpa, Björgum spítalabrekkunni – björgum innbænum, þar sem varað er við hættu sem kunnir að skapast.

Hildur Friðriksdóttir, íbúi á Spítalavegi og einn stofnandi Facebook-hópsins, segir að tillagan um húsin sé skipulagsslys sem gangi gegn nýsamþykktu aðalskipulagi bæjarins. Farið hafi verið á svig við úthlutunarreglur bæjarins, úthlutað án auglýsingar og formaður skipulagsráðs hafi hringt í verktakann, SS-byggi og boðið upp í dans.

Alvarlegt sé vegna minnisblaðs vísindamanna sem Fréttablaðið fjallaði nýverið um og snýr að aukinni skriðuhættu, að fjölbýlishúsin eigi að rísa á brekkubrúinni. Við blasi að meðalhiti hafi hækkað undangengin ár og úrkoma aukist. Þessar veðrabreytingar þýði að hætta á skriðuföllum aukist, sem geri þessi áform sérlega varhuga-verð.

„Þess vegna er ástæða til að skoða þessi svæði sérstaklega. Það fer um



Það fer um mann, því þarna er um að ræða mikinn halla.



Hildur Friðriksdóttir, íbúi á Akureyri

mann, því þarna er um að ræða mikinn halla,” segir Hildur.

„Þóir brekkubrúin þennan þunga, er önnur spurning. Þetta þarf að skoða mjög rækilega,” bætir Hildur við.

Íbúar á svæðinu þekki það nú þegar að jarðvegurinn sé á hreyfingu.

„Við þurfum oft að grípa til aðgerða til að stoppa brekkuna með steiptum einingum eða hleðslum. Maður sér líka á Spítalavegi að þar eru víða sprungur vegna þess að jarðvegurinn er á hreyfingu. Þess vegna eru þungatakmörkin.“

Spurð hvort andófið snúist um sérhagsmunir Hildar, sem íbúa í grennd við fjölbýlishúsin fyrirhug-

uðu, aukna umferð og rask í hverfinu, segir hún að það séu hagsmunir allra bæjarbúa að berjast gegn áformunum.

„Akureyrarbekkan er ásýnd bæjarins og allt sem stendur í þessari brekku verður mjög áberandi. Að ætla að fara að planta blokkum þarna í brekkuna gjörbreytir ásýnd bæjarins. Þess vegna eru það ekki okkar einkahagsmunir að berjast gegn þessu, heldur hagsmunir allra bæjarbúa.“

Fréttablaðið fjallaði um áformin fyrir skemmstu. Fram kom að formanni skipulagsráðs, Þórhalli Jónssyni, líst vel á hugmyndina. Spurður út í gagnrýni Hildar nú og hvort ástæða sé til að vanta þess að fjölbýlishúsin hrynji út í sjó ef þau verða byggð, segir Þórhallur ekkert að óttast.

„Það þarf að gera jarðvegsrannsóknir á þessu svæði til að sjá hvort jarðvegurinn ber byggingarnar. Það verður ekkert framkvæmt fyrr en niðurstaða liggur fyrir.“

Þórhallur vísar til bókunar ráðsins um að umferð, burðargeta brekkunnar og aðkoma, verði rannsókuð mjög vel. Við hönnun nýrra hverfa hafi orðið umbætur í að yfirborðsvatn eigi greiða leið.

„Það er engin ástæða til að mála skráttann á vegginn fyrir fram.“

Hvað aðra gagnrýni Hildar varðar, meinta spillingu, segir Þórhallur að búið sé að svara því. Hann vísi slíkum ásökunum til föðuhúsanna. ■

Reikningar Úrvinnslusjóðs komnir

elinhirst@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Laufey Helga Guðmundsdóttir, sem lét óvænt af störfum sem stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs í síðustu viku þrátt fyrir að vera skipuð af umhverfisráðherra til ársins 2023, segir að eitt af sínum síðust verkum hafi verið að ganga frá og undirrita ársreikninga sjóðsins 2017 til 2020.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Laufeyju Helgu. Meðal þess sem hefur verið gagnrýnt í tengslum við störf sjóðsins er að hann hafi ekki skilað ársreikningum í fjögur ár.

Úrvinnslusjóður sem velti um tveimur milljörðum á síðasta ári sætir nú úttekt Ríkisendurskoðunar að beiðni Alþingis vegna ýmiss konar gagnrýni á rekstur sjóðsins.

Laufey Helga segir að ástæða þess að ekki hafi verið hægt að gera þetta



Fráfarandi stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs segir að það hafi verið eitt sitt síðasta verk að undirrita ársreikninga sjóðsins fyrir síðastliðin fjögur ár sem ekki höfðu skilað sér.



Laufey Helga Guðmundsdóttir, fráfarandi stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs.

fyrir sé að framsetning ársreikninga sjóðsins hjá Fjárfélagi ríkisins stangist á við sérlög sem gildi um Úrvinnslusjóð.

Þá ítrekar Laufey Helga að hún láti af stjórnarformennsku að eigin ósk vegna anna.

Stjórn sjóðsins hafði unnið að því að auka hlutfall plasts sem fer í endurvinnslu, meðal annars hækkað endurgjald fyrir endurvinnslu plastumbúða verulega í október 2020. ■

Teljum niður í Svartan Föstudag

30%

AUFSLÁTTUR



Wizz

Fyrir lífsins ljúfu stundir

Verð á svörtum föstudegi frá

153.300 kr.

Fullt verð frá 219.000 kr.



DÍS

Íslensku heilsurúmin

Verð á svörtum föstudegi frá

173.600 kr.

Fullt verð frá 248.000 kr.

Glódís 20 - 160x200 cm - dýna botn og fætur

Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup

Húsgögn | Rúm | Hægindastólar | Stillanleg rúm

Öll tilboðin er að finna á vefverslun okkar vogue.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Atvinnulífið of sterkt í Úrvinnslusjóði

elinhirst@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Landvernd telur óeðlilegt að fulltrúar atvinnulífsins eigi meirihluta stjórnarmanna í Úrvinnslusjóði.

Þetta kemur fram í umsögn Landverndar við frumvarp umhverfisráðherra um Hringrásarhagkerfið sem samþykkt var á Alþingi í vor. Úrvinnslusjóður sé fjármagnadur af neytendum og eign ríkisins, og reynslan sýni að veita þurfi atvinnulífinu aðhald og leiðsögn ef vel á að takast til í umhverfismálum.

Hlutverk sjóðsins sé „að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs“. Í landinu séu fjölmörg samtök sem hafi umhverfi og óspillta náttúru sem markmið en þrátt fyrir þetta eigi þau engan fulltrúa í Úrvinnslusjóði.



Hlutverk Úrvinnslusjóðs er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

Umhverfisráðherra skipar sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar og hinir sex stjórnarmennirnir eru skipaðir að fenginni tilnefningu Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Félags atvinnurekenda og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samband íslenskra sveitarfélaga skipar tvo fulltrúa.



Lögreglan notaði tárugas og vatnsbyssur í Brussel.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fjölmenn mótmæli leyst upp í Belgíu

hjoarvaro@frettabladid.is

BELGÍA Tugir þúsunda manna mótmæltu í gær sóttvarnaaðgerðum vegna Covid í Brussel, höfuðborg Belgíu. Sumir mótmælenda köstuðu flugeldum í átt að lögreglumönnum, sem gripu inn í með tárugas og öflugum vatnsbyssum.

Mótmælendur eru aðallega á móti notkun bólusetningarvottorðs, sem hindrar óbólusetta í að fara inn á

staði eins og veitingastaði eða bari. Þessi mótmæli koma í kjölfar mótmælaöldu í Evrópu vegna sóttvarna til að mynda í Hollandi, Austurríki, Króatíu og á Ítalíu.

Auk hertra reglna um grímuskyldu og bólusetningavottorð þurfa flestir Belgar að vinna heima fjóra daga vikunnar fram í miðjan desember. Einnig eru áform um að gera bólusetningar fyrir heilbrigðisstarfsmenn skyldubundnar. ■



Lundgren var endurkjörinn eftir að málið komst upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þingmaður dæmdur fyrir að þukla á samstarfskonu

Evrópuþingmaður Svíþjóðar-demókrata hefur verið dæmdur til fésektar fyrir að brjóta kynferðislega á samstarfskonu sinni. Þingkona sem lét vita af framferðinu var flæmd úr flokknum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SVÍÞJÓÐ Evrópuþingmaðurinn Peter Lundgren var í gær fundinn sekur um kynferðisbrot hjá Göta áfrýjunardómstólum í borginni Jönköping, fyrir að þukla á samstarfskonu sinni. Lundgren hafði áður verið sýknaður hjá héraðsdómstól.

Lundgren situr á Evrópuþinginu fyrir Svíþjóðardemókratana, flokk yst á hægri vængnum sem hefur ítrekað komist í heimsfréttirnar fyrir harðlínustefnu sína gagnvart innflytjendum, múslimum og öðrum minnihlutahópum. Flokkurinn á rætur að rekja til sænskra nýnasistasamtaka.

Lundgren, sem er 58 ára gamall fyrrverandi vörubílstjóri, var kjörinn á Evrópuþingið árið 2014 og endurkjörinn árið 2019. Hann sat áður í sveitarstjórn Gnösjö í Jönköping-sýslu í suðurhluta Svíþjóðar.



Samkvæmt sjónvarpsstöðinni SVT sagði konan að Lundgren hefði hætt að þukla þegar hún bað hann um það.

Málið kom upp í nóvember árið 2019 þegar Lundgren var kærður fyrir að hafa þuklað á brjósti samflokkskonu sinnar innanklæða á hóteli í Stokkhólmi í marsmánuði árið 2018. Samkvæmt sjónvarpsstöðinni SVT sagði konan að Lundgren hefði hætt að þukla þegar hún bað hann um það.

Lundgren viðurkenndi að hafa snert brjóst hennar en sagðist hafa beðið konuna afsökunar og taldi að þar með væri málinu lokið.

Fjölmíðlafulltrúi flokksins, Henrik Gustafsson, lýsti því yfir við fjölmiðla að allir aðilar hefðu rætt málið og komist að samkomulagi og væri málið því leyst. Þrátt fyrir þetta viðurkenndi Gustafsson að ganga þyrfti frá lagalegum endum.

Þrátt fyrir að forystan hafi reynt að halda lokinu á málinu, olli það nokkru fjadrafoki innan flokksins. Ein af þeim sem lét í sér heyra var annar Evrópuþingmaður flokksins, Kristina Winberg, sem lét vita af framferð Lundgrens. Árið 2019 tók flokkurinn nafn hennar af lista frambjóðenda til Evrópuþingsins og var hún í kjölfarið flæmd úr flokknum. Í yfirlýsingu var sagt að Winberg væri ekki trú flokknum og hefði saugað orðspor hans.

Áfrýjunardómstóllinn í Göta dæmdi Lundgren til að greiða igildi 60 dagsekta til sænska ríkisins, 1.000 sænskar krónur hver. Er heildarsektin því í kringum 900 þúsund íslenskar krónur. Brotið hefði getað leitt af sér allt að tveggja ára fangelsisdóm en Lundgren slapp við það.

„Jafnvel þó að að þolandinn hafi ekki tilkynnt brotið til lögreglunnar sjálf, er augljóst að hún samþykkti ekki gjörðir mannsins,“ segir í dómnum. ■

Myndir af Shuai sefa ekki áhyggjur

hjoarvaro@frettabladid.is

KÍNA Kínverska tennisstjarnan Peng Shuai birtist aftur opinberlega um síðustu helgi, en óttast hefur verið um afdrif hennar síðustu vikunnar. Það er eftir að hún sakaði Zhang Gaoli, fyrrverandi varaforsetisráðherra Kína og leiðtoga í kínverska kommúnistaflokknum, um kynferðisbrot.

Á föstudagskvöldið síðastliðið hófst stöðugur straumur mynda og myndskaiða sem sýna Shuai brosand og áhyggjulausa. Myndirnar og myndskaiðin birtast á ríkisstýrdum kínverskum fjölmiðlum á Twitter, en kínverskum þegnum er bannað að nota forritið.

Á sunnudaginn var svo birt myndsiðtal milli Shuai og forseta Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), Thomas Bach, þar sem Ólympíufarinn þrefaldi kvæðst vera örugg á heimili sínu í Peking. Þar



Tennisstjarnan Peng Shuai.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

krafðist hún þess að einkalíf hennar væri virt, að sögn talsmanns IOC.

„Það var gott að sjá Peng Shuai í þessum myndböndum, en þau draga ekki úr áhyggjum okkar af liðan hennar og getu kínverskra stjórnvalda til að eiga samskipti án

ritskoðunar eða þvingunar,“ sagði talsmaður tennissambands kvenna, (WTA) í samtali við CNN.

„Það sem við höfum hér er í raun ríkisstýrð frásögn frá kínverskum stjórnvöldum og fjölmiðlum tengdum þeim,“ sagði Maya Wang, háttsettur kínverskur rannsóknarmaður hjá Human Rights Watch (HRW).

„Þó að það sé mögulegt að Shuai hafi það gott, ætti saga kínverskra stjórnvalda um að láta fólk hverfa og gera síðan myndbönd af því til að sanna að það sé ómeitt, þegar það er í raun hið gagnstæða, að hvetja fólk til þess að gjalda varhug við myndbirtingunni,“ segir rannsóknarmaðurinn enn fremur.

Enn er óljóst hvort Shuai hafi tilkynnt ásakanir sínar um kynferðisbrot til lögreglu og ekkert bendir til þess að rannsókn sé hafin hjá kínversku lögreglunni á hendur Zhang vegna meints brots hans. ■



NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR



BMW X7 M50D – 401 hestöfl
6 sæta lúxuskerra, hlaðin aukabúnaði

Nýskr. 9/2020, ekinn 9 þús. km,
dísil, sjálfstýring, 8 girar.

Verð: 25.690.000 kr.

Rnr. 420813.

SÝNINGARSALUR
HESTHÁLSI 6

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Börn njóti vafa



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Frétastofa Stöðvar tvö sagði á sunnudagskvöld átakanlegar sögur barna, sem vistuð voru á barnaheimili sem starfrækt var í Richardshúsi á Hjalteyri, á áttunda áratug síðustu aldar. Samkvæmt frásögnum fólks sem þar dvaldi í bernsku, flest fyrir tilstuðlan Barnaverndarnefndar, voru þau beitt kynferðislegu, líkamlegu og andlegu ofbeldi af hjónunum sem heimilið ráku. Börnin voru svelt, lyfjuð, misnotuð, niðurlægð, gert að hlýta grimmilegum refsingum og öll voru þau einangruð frá fjölskyldum sínum.

Frásögn þessa fólks er þyngri en tárur taki og mannlegri grimmd virðast lítil mörk sett. Heimilið var starfrækt á árunum 1972 til 1979 en eftir fimm ára rekstur var farið að kanna orðróm um að þar væri ekki allt með felldu. Skýrsla með fjölmörgum athugasemdum var send Barnaverndarráði Íslands, auk þess sem allavega einn aðstandandi hafði samband við bæði lögreglu og ráðherra. Málinu var hins vegar vísað aftur í hrepp þar sem starfsemin fékk vottun. Börnin sem fjölmörg komu úr erfiðum aðstæðum og áttu sér fáa málsvara, nutu ekki vafans.

Heimilinu á Hjalteyri var lokað árið 1979, en áhugi barnlausu hjónanna á starfi með börnum var þó enn til staðar. Árið 2003 gerast þau dagforeldrar í Garðabæ og opna í framhaldi þar einkarekinn Montessori leikskóla árið 2006. Leikskólinn var starfræktur í þrjú ár og á þeim tíma leituðu minnst tveir fyrrum vistmenn á Hjalteyri til lögreglu og yfirvalda með reynslu sína. Ekki er vitað til þess að neitt hafi verið aðhafst. Aftur nutu börnin ekki vafans.

Foreldrar hljóta að treysta á að hið opinbera sinni eftirlitsskyldu sinni gagnvart dagforeldrum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Enda á báðum stöðum oft um að ræða gæslu okkar allra minnstu og viðkvæmstu, ómálga barna og jafnvel hvítvöðunga.

Sjálfstætt starfandi leikskólinn Sælukot hefur verið til umfjöllunar undanfarið, enda kröfðust fyrrum starfsmenn leikskólans að honum yrði lokað vegna slæms aðbúnaðar barna og starfsfólks. Í ljós kemur að kvartanir hafa verið sendar Reykjavíkurborg frá árinu 2016 án þess að nokkuð hafi verið aðhafst af viti. Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, en samkvæmt yfirlýsingu Reykjavíkurborgar varðandi skólann er það hlutverk rekstraraðila að grípa til aðgerða þegar upp koma einstaka mál eða athugasemdir gagnvart starfsemi leikskólans.

Hvað ef það eru rekstraraðilarnir sjálfir sem eru vandamálið? Hver aðhefst þá? Við verðum að geta treyst því að eftirlit sé haft með þeim sem gerðir eru þjónustusamningar við og fá leyfi til að gæta okkar allra mikilvægasta fólks. ■

Foreldrar hljóta að treysta á að hið opinbera sinni eftirlitsskyldu sinni gagnvart dagforeldrum og sjálfstætt starfandi leikskólum.

MANIC PANIC N.Y.C.
Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Halldór



Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Gallað eina vitið

Í blaðinu í dag segir frá konu einni sem brá í brún er hún fékk í hraðbanka fimm þúsund króna seðil sem leit alls ekki út fyrir að vera í lagi. Seðillinn, sem ber áritanir seðlabankastjórnanna fyrrverandi Davíðs Oddssonar og Eiríks Guðnasonar og er þar af leiðandi hreint ekki nýr af nálinni, reyndist gallaður en ekki falsaður. Seðlabankinn segir hægt að skipta slíkum seðlum í næsta banka. Kannski er það ekki ráðlegt því svo virðist sem einu íslensku peningarnir sem halda verðgildi sínu séu þeir sem eru gallaðir því myntsafnarar segja slegist um gallaða seðla sem komist hafa í umferð.

Sannfæringin

Borgarnesklíkan á Alþingi skilar í dag tillögum um það hvernig töfra megi burt talningarklúðrið í Norðvesturkjördæmi. Þingmenn flokkanna segja nú mikilvægt að hver og einn kjósi eftir sinni sannfæringu um það hvort hin umdeilda endurtalning eigi að gilda eða hvort kjósa þurfi að nýju í kjördæminu svo allt sé eftir bókinni. Kjósendur sem einnig hafa sjálfsagt kosið eftir sinni sannfæringu í kjörklefnum eiga nú sitt undir að þingheimur nái að standa vörð um rétt þeirra til að velja hverjir fara með löggjafarvaldið í landinu. ■

Kennum geðrækt í grunnskólum



Valgerður
Sigurðardóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðis-
flokksins

Sterkt ákall hefur verið um að kenna geðrækt í grunnskólum. Börn og ungmenni hafa verið að kalla eftir því ásamt meðal annars Geðhjálpi. Það er mikilvægt að við hlustum á börn, ungmenni og fagfólk þegar er kallað eftir breytingum á menntakerfinu. Hvers vegna við höfum ekki brugðist við þessu ákalli finnst mér óskiljanlegt. Líkt og Geðhjálpi hefur bent á: „Það er ein besta fjárfesting hvers samfélags að kenna börnum frá unga aldri um verndandi þætti geðheilbrigðis og hvernig hægt er að nýta þá í daglegu lífi“.

Árið 2017 var samþykkt að Reykjavíkurborg í samstarfi við heilsugæsluna myndi efla geðfræðslu fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi í grunnskólum Reykjavíkurborgar frá og með haustinu 2019. Því miður hefur þessi tillaga ekki komið til framkvæmda, sem eru vonbrigði.

Fræðsla er forvörn

Börn og ungmenni eru í dag að glíma við hafsþjóf tilfinningum þar sem kvíði og streita birtist í aukinni tíðni sjálfskaða. Einkenni depurðar og þunglyndis hafa aukist og koma meðal annars fram í auknum fjarvistum og brottfalli úr skóla. Einnig hefur hegðunarvandi barna og ungmenna aukist. Niðurstöður rannsóknna á heilsu og líðan íslenskra barna benda til hærri tíðni geðrænna vandamála íslenskra barna en barna annars staðar í Evrópu. Þessu ættum við að bregðast við með því að kenna geðrækt í grunnskólum.

